



Viðstaddir

17.02.2023

|                             |     |                    |
|-----------------------------|-----|--------------------|
| Páll B. Guðmundsson         | PBG | SSH                |
| Hildigunnur Hafsteinsdóttir | HH  | SSH                |
| Ómar Einarsson              | ÓE  | ÍTR                |
| Magnús Árnason              | MÁ  | Skíðasvæðin        |
| Ásthildur Helgadóttir       | ÁH  | Kópavogi           |
| Þorvaldur Daníelsson        | ÞD  | Form Skíðasvæðanna |
| Guðmundur Sverrisson        | GS  | Hafnarfirði        |
| Einar K. Stefánsson         | EKS | VSÓ Ráðgjöf        |
| Forfallaðir                 |     |                    |

15239

Fundarritari

EKS / einar@vso.is

Tílefni

**Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum**

Fundur þriðjudaginn 17.02.2023 kl. 08.00.

**1 Síðasta fundargerð**

Fundargerð 03.02.2022 samþykkt.

**2 Lyftur Bláfjöll**

Beðið er tækifæris til formlegrar opunar/vígslu skíðalyftanna.

⇒ MÁ vaktar veður/aðstæður og kemur með tillögu að dagsetningu

Lyfturnar eru báðar rekstrarhæfar og hafa gengið vel. Í úttektnum og rekstri fram að þessu hafa komið upp nokkur atriði sem Doppelmeyr mun lagfæra næsta sumar.

**3 Snjóframleiðsla 1. áfangi**

Búið er að afhenda gilda verkábyrgð fyrir RSFS vegna borunar eftir framleiðsluvatni. Skrifað var undir formlegan samning til að ramma inn og festa breyttan verktíma frá útboðsgögnum.

Búið er að afhenda gilda verkábyrgð fyrir TA vegna snjóframleiðslu og gildur samningur kominn með töku tilboðs.

⇒ Skrifað verður undir formlegan samning þegar fulltrúi TA er næst á landinu.

Minnisblöð EKS um a) breytingar/endurbætur í Kóngsgili, breytingar, b) endurbætur á brettasvæði og neðri hluta Axlar og c) færsla/hýsing varaafis voru til umræðu á síðasta fundi samstarfsnefndar.

⇒ Ákveðið að EKS/MÁ endurskoði kostnaðarmat/kostnaðarlíkan heildarverkefnisins fyrir næsta fund nefndarinnar 01.03.23.

⇒ Málin 3 tekin til frekari umræðu á næsta fundi verkefnahóps 02.03.23 – beint í kjölfar fundar samstarfsnefndar.

EKS er með í undirbúningi verðfyrirspurn vegna hýsingar varaafis og spennistöðva við hlið Drottningar - sem er byggingarleyfisskylt mannvirki með formlegan byggingarstjóra. Rætt um kosti/galla þess að verkkaupi leggi til byggingarstjóra - þar kemur inn ábyrgð byggingarstjóra, tryggingar, gæðakerfi o.fl.

⇒ EKS mun eiga fund með byggingarfulltrúa Kóp í dag þar sem þetta verður m.a. rætt. Verkefnahópur tekur ákvörðun um byggingarstjóra á næsta fundi.

Í gangi er áframhaldandi umræða um ýmsa valkosti varðandi búnaðarval og tæknilegar útfærslur snjóframleiðslukerfa og hefur EKS fengið vélaverkfræðing hjá VSÓ til ráðgjafar. Á fundi með TA í næstu viku mun skerpast á málum og EKS leggja tillögur fyrir verkefnahóp á næsta fundi.

#### 4 Skálafell

Skýrsla EKS um innviðagreiningu í Skálafelli hefur verið tekin til umfjöllunar í samstarfsnefnd.

- ⇒ Ákvörðun um næstu skref í útboðum/framkvæmdum verður tekin þegar endurskoðun áætlana liggja fyrir.

#### 5 Fjárhagsstaða/áætlanir

MÁ og EKS falið að hefja vinnu við endurmat á fjárfestingaáætlun/kostnaðarlíkani heildarverkefnisins 2023-2025 í samráði við Önnu Karen Arnardóttur hjá ÍTR.

- ⇒ Stóra myndin með einfaldri framsetningu þarf að liggja fyrir, fyrir næsta fund samstarfsnefndar 01.03.23.

#### 6 Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn fim 02.03.23 kl. 12.00

Einar K. Stefánsson

*Dreifing:* Fundarmenn